



# Jafnréttisstarf

## í Menntaskólanum að Laugarvatni

### skólaárið 2021-2022

Skýrsla jafnréttisfulltrúa

*Freyja Rós Haraldsdóttir*

*Laugarvatni, júní 2022*



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Jafnlaunavottun .....	2
EKKO.....	2
Hef gátlistinn <i>jafnrétti og kynheilbrigði</i> .....	3
Mímír – nemendafélagið.....	4
Stjórn nemendafélagsins - kynjahlutföll .....	4
Mímingur og Skræðan.....	5
Kynlíf, samskipti og jafnrétti .....	5
Leikritið Stella í orlofi .....	6
Hinseginfélagið Yggdrasil .....	6
Kyngreindar upplýsingar .....	7
Næsti vetur 2022-2023 .....	7

## Inngangur

Í vetur gegndi Freyja Rós Haraldsdóttir stöðu verkefnastjóra sem jafnréttisfulltrúi, Jóna Katrín ber ábyrgð á jafnréttisstarfi í Menntaskólanum að Laugarvatni og Karen Dögg Bryndísardóttir situr í jafnréttisráði. Þennan veturinn var ekki virk nefnd með nemanda úr hverjum bekk. Jafnréttisráð er hópur í Office365 og í skjölum hópsins eru gögn varðveitt og viðhaldið. Jafnréttisfulltrúi uppfærir meðlimi hópsins þegar breytingar verða.



Hér verður stiklað á því helsta sem jafnréttisráð og jafnréttisnefnd Mímis stóð fyrir á árinu ásamt venjubundinni samantekt á kyngreindri tölfræði og vangaveltum um framhaldið.

## Jafnlaunavottun

Í kjölfar fyrstu launagreiningar í jafnlaunakerfi ML voru laun leiðrétt hjá fjórum kvenkyns starfsmönnum. Eftirfarandi er úr vottunarskýrslu lcert frá 6. október 2021:

### 14. Styrkleikar

Að mati úttektarstjóra er mikill vilji og metnaður meðal æstu stjórnenda ML til þess að nýta jafnlaunakerfið til að ná árangri. Ljóst er að mikil vinna hefur verið lögð í jafnlaunakerfi ML frá því að forúttekt átti sér stað. Útfærsla og sú framkvæmd sem komin er á jafnlaunakerfi ML er með miklum ágætum þó vissulega eigi kerfið eftir að þroskast og þróast.

Jafnréttisstofa staðfesti niðurstöðu lcert og veitti leyfi til að nota jafnréttismerkið næstu árin. Kerfið hefur jú haldið áfram að þroskast og þróast og viðhaldsúttekt mun fara fram 9. júní 2022.

## EKKO

Aukinn kraftur hefur verið í áherslum stjórnvalda varðandi einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi (EKKO), m.a. í kjölfar þingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kyndbundnu ofbeldi og reitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árið 2021-2025. EKKO áætlun ML var þegar í endurskoðun og hefur haldið áfram að þróast í vetur.

Hrefna Hugos frá Auðnast hélt þriggja tíma námskeið fyrir allt starfsfólk í nóvember en ekki varð úr að ráðgjafarstofan yrði okkur til halds og traust við endurskoðun áætlunar og verklagsreglna. Þau voru hikandi þar sem mikil hreyfing hefur verið á málaflokknum (breytt viðmið, fjölmiðlaumfjöllun, dómar o.fl.) og þau verið að móta sínar ráðleggingar, auk þess sem þau hafa mest unnið með annars konar vinnustöðum og íþróttafélögum. Enn fremur myndi fylgja þessu kostnaður fyrir skólann. Svo var líka útlit fyrir að á vegum Landlæknisembættisins yrði sett af stað vinna við mótun sniðmáts og fræðsluefnis fyrir framhaldsskóla. Undirrituð bauð sig fram til að taka þátt en lítið varð úr því verkefni. Ef til vill verður framhald á samhæfðum vinnubrogðum og ráðgjöf fyrir skólana en í bili vinnum við saman; námsráðgjafinn Gríma, kynjafræðikennarinn Karen Dögg, sálfræðingurinn Elfar og skólameistari Jóna Katrín hafa komið að málum. Einnig var nokkuð samráð haft við Eygló hjá Stígamótum og Þórð Kristinsson hjá Kvennó. Góð reynsla skapaðist í að leita til fagráðs eineltismála í vetur og aukin teymisvinna var á meðal starfsfólks í ML. Nokkur skjöl eru í vinnslu, í raun heilt EKKO-kerfi, og ekki veitir af í flóknum og mikilvægum málaflokkum. Auk stefnu og áætlunar um aðgerðir er unnið að:

- **Forvörnum:** skipulögð stefna og áætlun í ofbeldisforvörnum í skólanum.
- **Verklagsreglum og skjölum:** skýrt verklag, stefnur og eyðublöð sem varða forvarnir og viðbrögð við einelti, áreitni og ofbeldi. M.a. verklagsreglur um trúnað, samráð og tilkynningar, óformlega og formlega málsmeðferð og áminningar.
- **Handbók:** EKKO handbók fyrir starfsfólk með lista yfir lög og reglugerðir, gagnabanka, sýnidæmum, útskýringum og þjálfunarskrá svo dæmi séu nefnd.

Í haust verður þetta unnið áfram og virkilega spennandi hugmyndir varðandi forvarnir með aukinni samhæfingu og aðkomu umsjónarkennara, lífsleiknikennara, námsráðgjafa og sálfræðingsins.

Það var gagnlegt að sitja fundi í verkefnið Heilsuefandi framhaldsskóla í vetur, sem voru hluti af aðgerðaáætlun vegna fyrrnefndrar þingsályktunartillögu. Fundirnir voru liður í aðgerð D.1. sem er ein af þeim fimm aðgerðum sem á að fylgja eftir varðandi forvarnir í framhaldsskólum. Hafin er vinna við þær allar, samkvæmt „mælaborði“ á vef stjórnarráðsins:

<b>D. Forvarnir í framhaldsskólum</b> <small>Type something</small>	D.1. Forvarnir í tengslum við verkefnið Heilsuefandi framhaldsskóli	D.2. Fræðsla starfsfólks
	D.3. Þróun námsefnis fyrir framhaldsskóla	D.4. Námsefni fyrir starfsbrautir

## Hef gátlistinn jafnrétti og kynheilbrigði

Haust og vor kom jafnréttisfulltrúi inn á **skólaráðsfund** með jafnréttismálin, þar sem sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, tveir fulltrúar kennara og jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar nemendafélagsins. Það er kjörið fyrirkomulag sem tryggir enn betur en verið hefur að jafnréttismálin séu markvisst á dagskrá í ML. Á fundunum var unnið með heilsuefandi gátlistann fyrir jafnrétti og kynheilbrigði. Sóknarfæri eru varðandi kynjahlutföll í nefndum og ráðum, fræðslu til foreldra um samskipti og stöðu kynheilbrigðis meðal ungs fólks og huga mætti skýrar að nemendum af erlendum uppruna.

*Umsóknir og kosningar í ráð og nefndir nemenda eru gagnsæjar, opnar og aðgengilegar öllum á vefsíðu nemendafélags og skólans – jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar hugðust kynna stjórninni möguleikann á að kosningar í stjórn Mímis verði haldnar á Innu, sem skapar betra aðgengi t.d. ef einhver er veikur heima þegar kosningar fara fram. Þegar styttist í kosningarnar verða umsjónarkennarar beðnir um að kynna embættin og hvetja nemendur til að bjóða sig fram. Þá er í leiðinni tækifæri til að fjalla um borgaravitund, þátttöku og ábyrgð í lýðræðissamfélagi og leggja áherslu á að fjölbreytni er mikilvæg í hópi kjörinna fulltrúa.*

*Skólinn hvetur kennara til að nýta tækifæri til endurmenntunar um jafnrétti og kynheilbrigði – 3. Júní sendi skólameistari póst á alla kennara með auglýsingu fyrir námskeið á vegum Menntafléttunnar næsta vetur, Kynbundið ofbeldi: forvarnir og fræðsla. Þar kom forsenda til að hækka matið á þessum mælikvarða í gátlistanum og **við teljum okkur nú uppfylla viðmiðin að 79 prósentum.***

## Mímír – nemendafélagið

Jafnréttisfulltrúar Mímis sem kjörnar voru 2021 voru Ásdís Björg og Hafdís. Við tóku í febrúar Lilja Dögg Jóhannsdóttir og Lingný Lára Lingpórsdóttir.

Stjórn nemendafélagsins setti sér jafnréttisáætlun í október. Markmiðin voru þessi:

1. Styðja við fjölbreytni í röðum skólaráðsfulltrúa
2. Hafa kynjahlutföllin eins jöfn og hægt er í leikritinu.
3. Laga ímynd kvenna úr myndinni.
4. Efla meðvitund um fjölbreytileika kynhneigða og kynvitundar.
5. Stuðla að fordómalausum skóla þegar kemur að hinseginmálefnum og öruggt umhverfi fyrir hinsegin fólk.
6. Lög á böllum séu ekki einungis eftir karla eða sketchy fólk.
7. Fá aðra en karkyns DJ.
8. Kynjajöfnuður á viðburðum tólmstundar-formanns
9. Að stelpur fái að spila jafn mikið og strákar og fleiri stelpur verði með á bekkjarmótum.
10. Fá fyrirlestur um jafnréttismál

Margt af þessu komst til framkvæmda þó ekki næðist að fylgja aðgerðunum nægilega vel eftir. En samtalið/fundurinn stóð fyrir sínu – jafnrétti var á dagskrá hjá Mími í vetur. Það er óheppilegt að setja áætlun að hausti fyrir veturinn, þegar svo er skipt um fulltrúa á miðjum vetri. Næsta vetur verður prufað að hitta nýkjörna stjórn að vori til að fræða um jafnrétti og styðja til að setja sér áætlun fyrir sitt kjörtímabil. Við stjórnarskipti er svo hægt að biðja um að skrifað sé um jafnréttisáherslur í lokaskýrslum fyrir hvert embætti. Gott væri jafnframt að uppfæra skilgreiningar á hlutverkum hvers embættis og koma þar inn jafnréttisáherslum.

### Stjórn nemendafélagsins - kynjahlutföll

Í stjórn nemendafélagsins sem var kjörin 17. janúar 2022 völdust 9 strákar og 5 stelpur. Það gerir 64% strákar og 36% stelpur. Þetta er viðsnúningur frá því sem var á undan (79% stelpur og 21% strákar) og endurspeglar ekki kynjahlutföll í nemendahópnum. Það er hægt að líta bæði jákvæðum og neikvæðum augum, að hafa öflugra stráka í félagslífinu getur stutt við markmið um að fjölga strákum í skólanum.

2006-2022 hafa 227 nemendur setið í stjórn nemendafélagsins Mímis, 116 þeirra eru stelpur (51%) og 111 strákar (49%). Sé horft til síðustu fimm ára eru hlutföllin 57% stelpur og 43% strákar.

Til tíðinda bar að í fyrsta skipti eru árhátíðarformenn tveir strákar. Vef- og markaðsfulltrúar og skemmtinefndarformenn hafa í meira mæli (3/2) verið kvenkyns síðustu fimm ár en það er öfugt við það sem oftast hefur verið. Ritnefndarformaður, jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar og íþróttarformenn eru þau embætti sem hafa verið einungis skipuð einu kyni síðustu fimm ár. Um að gera að pota í það fyrir næstu kosningar.

2018	2019	2020	2021	2022	kk	kvk	Samtals fjöldi	kk	kvk	EMBÆTTI
Sigríður Helga Seingrimsdóttir	Þorfinnur Freyr Þórarinnsson	Kristján Bjarni R. Indriðason	Ásta Ivala	Óskar Snorri Óskarsson	3	2	5	60%	40%	Stallari
Sunneva Sól Árnadóttir	Helga Margrét Óskarsdóttir	Sindri Berholt	Oddný Benediktsdóttir	María Sif Indriðadóttir	1	4	5	20%	80%	Varastallari
Ástráður Unnar Sigurðsson	Guðrún Karen Valdimarsdóttir	Kolbrá Hekla Guðjónsdóttir	Hjörny Karlsdóttir (Breki Már Antonsson)	Sesselja Helgadóttir	1	4	5	20%	80%	Gjaldkeri
Ólafía Sigurðardóttir	Kristrún Urður Harðardóttir	Jóna Guðlaug Guðnadóttir	Oddný Lilja Birgisdóttir	Margrét Inga Ágústsdóttir	0	5	5	0%	100%	Ritnefndarformaður
Esther Helga Klemenzardóttir og Högni Þór Þorsteinsson	Haukur Hjartarson og Laufey Helga Ragnheiðardóttir	Karen Hekla Grönlí og Sólbrá Sara Leifsdóttir	Arnheiður Diljá Benediktsdóttir og Gísella Hannesdóttir	Ragnar Leó Sigurgeirsson og Þrándur Ingvarsson	4	6	10	40%	60%	Árshátiðarformenn
Sölvi Flúnar Þórarinnsson	Söldís Fannberg Þórsdóttir	Einar Ísberg	Óskar Snorri Óskarsson	Hákon Kári Einarsson	4	1	5	80%	20%	Tómstundarformaður
Álfheiður Björk Eriðde	Sindri Bernholt	Jónína Njarðardóttir	(Amy Perhnambuq)	Jóhannes Torfi Torfason	2	3	5	40%	60%	Vef- og markaðsfulltrúi
Ingunn Ýr Schram og Þórný Þorsteinsdóttir	Andrea Sigurðardóttir og Jóhanna Sigrún Haraldsdóttir	Ingibjörg Gísladóttir og Sigurlinn María Sigurðardóttir	Ásdís Björg og Hafdís Jóhannesdóttir Danner	Lilja Dögg Jóhannesdóttir og Lingný Lára Lingbórsdóttir	0	5	5	0%	100%	Jafnréttis og skólaráðsfulltrúar
Andrés Pálmason og Halldór Friðrik Unnsteinsson	Ágnes Pálmadóttir og Katla Pöll Þráinsdóttir	Ásta Ivala og Oddný Benónýsdóttir	Katrín Diljá og Eydís Yrja	Birgir Smári Bergsson og Ragnar Ingi Þorsteinsson	4	6	10	40%	60%	Skemmtinefndarformenn
Orri Bjarnason og Þorfinnur Freyr Þórarinnsson	Almar Máni Þorsteinsson og Kristján Bjarni R. Indriðason	Bjarni Sigurðsson og Sigurður Heiðar Guðjónsson	Birgir Smári Bergsson og Ragnar Ingi Þorsteinsson	Eliás Páll Jónsson og Magnús Skúli Kjartansson	10	0	10	100%	0%	Íþrótaformenn

## Mímingur og Skræðan

Mímingur (slúðurlað eftir böll) var aftur gefinn út í vor. Það var ekki sátt meðal nemenda um að sá síður væri aflagður og ekki vilji til að þvinga það fram með banni frá skólayfirvöldum. Mikil áhersla er lögð á að hugað sé að persónuvernd og jafnrétti. Öll eiga að vita að óski þau eftir að ekki sé fjallað um þau í Mímingi þá sé það virt. Nauðsynlegt er að halda þessu samtali áfram og fylgjast náið með þróun mála.

Á dimissio var að venju lesin svokölluð Skræða þar sem allur skólinn fær yfirlit yfir persónuleg mál hvers útskriftarnema á meðan á skólagöngunni stóð. „Skræðustjórar“ hittu á jafnréttisfulltrúa á kennarastofunni og spjölluðu um persónuvernd, umhyggju og virðingu. Þær lofuðu að vandað yrði til skrifanna og allir vel upplýstir um rétt sinn til að biðja um að ekki væri fjallað um sig eða einstök atriði í Skræðunni.

## Kynlíf, samskipti og jafnrétti

Frétt af heimasíðu ML 10. mars 2022

Á vormánuðum hefur verið nóg um að vera í fræðslu og forvörnum tengdum kynlífi, samskiptum og jafnrétti.

Sjötta vika ársins var tileinkuð kynfræðslu í ML, sem víðar.

Fræðsluátakið [Vika6](#) er á vegum Reykjavíkurborgar en við hoppuðum á vagninn; hengd voru upp plaköt, sýnd [myndbönd](#) í kennslustundum og haldnar umræður í umsjónartíma. Þemað þetta ár var *kynlíf og menning* þar

sem lögð var áhersla á myndsendingar í ljósi kynfrelsis og ofbeldis. Á bókasafninu var stillt upp kynfræðsluhillu með öllu tiltæku efni.

[Sjúk ást](#) er verkefni á vegum Stígamóta. Því var hrundið af stað 3. mars og í frímínútum þann morgun var **dansað gegn ofbeldi** í holinu. Dúndrandi danstónlist og allir fengu sleikjó! Plaköt voru hengd upp til að vekja athygli á nýju netspjalli sjúkt-spjall og sambandsprófum á sjukast.is.

UN women héldu fyrirlestur fyrir nemendur á fyrsta ári þann 2. mars. Mikilvæg og átakanleg umræða sem fór fram á Streymi og gekk mjög vel.

Þakkir til allra sem komu að undirbúningi og tóku þátt. Þessi málefni verða vonandi áfram á dagskrá sem oftast og víðast.

Freyja

*jafnréttisfulltrúi ML*

### Leikritið Stella í orlofi

Gísella og Diljá voru með kynjagleraugun á nefinu þegar þær settu upp Stellu í orlofi. Þær leyfðu sér að snúa upp á upprunalegu söguna, sem dæmi má nefna að flugmaðurinn var kvenpersóna í leikritinu. Skjal með kynjahlutföllum í leikritum, í hópi jafnréttisráðs á Teams, verður uppfært.

### Hinseginfélagið Yggdrasill

Hinseginfélagið Yggdrasill var stofnað ML nú í haust. Stofnmeðlimir völdu sér öflugra stjórn sem stóð fyrir hinseginviku 8.-12. Nóvember. Blásið var til fönðurkvölds þar sem skólinn var fagurlega skreyttur og Rocketman með Elton John var sýnd á bíókvöldi. Starfsfólk klæddist hinsegin litunum og hinseginfáninn blakti að venju við hún fyrir utan ML.

Einn morguninn blés skólameistari til húspings, ræddi um fordómaleysi og fjölbreytileika og skartaði stoltur lökkuðum nöglum í hinseginlitunum. Þá var oddvita Yggdrasils afhentur borðfáni sem gjöf frá skólanum til félagsins. Dagskrá vikunnar endaði á fyrirlestri Rannveigar Ágústu Guðjónsdóttur sem talaði meðal annars um “öráreitni” og vakti fólk til umhugsunar um það hvort “grín” er alltaf gott.

Sjá myndir [hér](#)

Freyja, jafnréttisfulltrúi ML

*Frétt af ml.is*

Félagið er með virka Instagram síðu. Þangað hefur verið settur fróðleikur og viðburðir auglýstir. Sem dæmi í kringum dragkeppnina Skalla, þá var keppnin auglýst og henni fagnað en í leiðinni varðað við skaðlegum viðhorfum og áreitni sem gæti komið upp í tengslum við hana.

Frumkvæði og kraftur nemenda í kringum hinseginfélagið Yggdrasil í vetur hafa verið aðdúunarverð. Sem dæmi buðust þau til að hafa fræðslu fyrir kennara og komu á kennarafund með fyrirlestur og umræður þann 29. mars. Afskaplega mikilvægt og vel gert. Nemendur geta nú skráð á Innu hvaða fornafn þau vilja nota.

Hinseginvika verður aftur haldin í haust og jafnréttisfulltrúi mun vinna að því að koma utanumhaldi í fastar skorður svo félagið lifi af þó núverandi stjórn hverfi frá. Lög félagsins þarf að vista á vísun stað, fundargerðir, aðgang að Instagram-síðunni og fleira. Jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar þurfa að hafa skilgreint hlutverk varðandi það að viðhalda og fylgjast með starfsemi félagsins.

Fyrir útskrift í vor var pantaður nýr og uppfærður hinseginfáni þar sem sá gamli var orðinn tættur.

## Kyngreindar upplýsingar

Unnið með gagnagrunn í Excel skjali sem vistað er í hópnum *Jafnréttisráð* í Office 365.

Jafnréttisfulltrúi geymir skjalið líka í fórum sínum. Þessu sinni verða upplýsingar uppfærðar í skjalinu en ekki komið á framfæri í þessari skýrslu. Lagt verður til að skólaskýrsla innihaldi þessar upplýsingar hér eftir. Þar er unnið með tölfraði í tengslum við nemendur og starfsfólk og það er hagræði að gera það á einum stað. Í skýrslu jafnréttisfulltrúa er hægt að fjalla um það sem kom þar fram, en láta tölurnar og töflurnar standa í skólaskýrslunni.

Enn hallar á karlkyn í nemendahópnum og starfsmannahópnum. Næsta vetur verður stofnaður fótboltaklúbbur og körfuboltaklúbbur (búið að finna formennina!) og búið er að ráða karl í kennslu (til að leysa Heiðu af). Viðskiptafræði- og lögfræði verður skylduáfangi á félagsvísindabraut í nýju brautarskipulagi. Jafnréttisfulltrúi leggur til að strákar sitji fyrir á myndum á auglýsingum fyrir samfélagsmiðla næsta vor og auglýsingum miðað á þá.

## Næsti vetur 2022-2023

Áherslan hefur verið mest EKKO málin og hinsegin málin þennan veturinn. Jafnréttisáætlun skólans til þriggja ára hefur ekki verið mikið uppi við og er ekki kerfisbundið yfirfarið í þessari skýrslu hvernig miðar með hana. Það sleppur til í þetta skipti en upplagt að horfa vandlega í hana í haust því vor 2023 er komið að næstu endurskoðun. Fyrirlestur um jafnréttismál fyrir allan skólann (hefur verið rætt) og upplýsingar um aðgengi fyrir fatlaða á heimasíðuna (byrjuð að taka myndir) er meðal þess sem við viljum ná að haka við á þessu tímabili.

Áfram verður unnið að þróun EKKO-kerfisins. Hinseginvika, Vika 6, Sjúk ást og dansað gegn ofbeldi verður allt á sínum stað. Karen Dögg og Freyja Rós munu í fyrsta skipti kenna saman kynjafræðina í haust. Án efa mun hljótast af því starfsþróun og gróska.

Jafnréttisfulltrúi vonast til að fá boð á skólaráðsfund að hausti og vori. Samstarf við stjórn nemendafélagsins í haust mun ef til vill felast í uppfærslu á embættislýsingum og sniðmátum fyrir lokaskýrslur þeirra, frekar en að gera jafnréttisáætlun. Með nýrri stjórn í janúar/febrúar mætti byrja á að setja áætlun fyrir árið þeirra í embætti.

*Hugsjónin, forysta, andstaða, togstreita, fræðsla, samræður,  
formlegt á eigin forsendum, úthald, heilindi og sátt, samstaða.*